

Færniþróun á sviði framhaldsfræðslu

Framvegis

Lok verkefnis: **16.03.2021**

1. **Heiti verkefnis og nafn styrkþega**

Færniþróun á sviði framhaldsfræðslu. Framvegis.

2. **Um verkefnið**

Verkefnið felur í sér að þróa og búa til rafrænt, gagnvirkt námsefni í kennslufræði fullorðinna fyrir leiðbeinendur í framhaldsfræðslu. Kennslufræði fullorðinna skiptir miklu fyrir færniþróun fullorðinna, þróun þekkingar, þekkingaröflun og –miðlun á sviði framhaldsfræðslu.

3. **Markmið verkefnis**

Markmið verkefnisins var að útbúa námsefni á rafrænu formi fyrir leiðbeinendur í fullorðins- og framhaldsfræðslu. Námsefninu er ætlað að vera aðgengilegt fyrir leiðbeinendur á stafrænu formi eftir þörfum.

4. **Hverjir voru helstu samstarfsaðilar?**

Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra, Hróbjart Árnason, lektor í kennslufræði fullorðinna við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Promennt tölvuskóla og Tækniakademía Tækniskólans.

5. **Hver er helsti ávinningur af verkefninu fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar?**

Verkefninu er ætlað að styrkja faglegan grunn þeirra sem leiðbeina og starfa í framhaldsfræðslugeiranum og þar af leiðandi faglega starfsþróun í faginu. Jafnframt að veita þeim aðilum sem starfa með markhópi framhaldsfræðslulaga þekkingu og hæfni til þróa framhaldsfræðsluna og mæta þörfum námsmanna sem og atvinnulífsins.

6. **Lokaafurð/ir verkefnis**

Afurðir þessa verkefnis er 7 myndskreið um kennslu fullorðinna námsmanna og stuðningsefni á textaformi fyrir leiðbeinendur. Hægt er að skoða stuðningsefni á vefnum www.namfullordinna.is